



**ORKUSTOFNUN**

## Varðar vatnsból á Raufarhöfn

**Kristján Sæmundsson,  
Freysteinn Sigurðsson**

**Greinargerð KS-FS-97-06**

04-04-1997

## VARÐAR VATNSBÓL Á RAUFARHÖFN

Í greinargerð (KS-96/03) um verndun vatnsbóls á Raufarhöfn voru ekki skilgreind sérstaklega grannsvæði og fjarsvæði vatnsbólsins, sbr. viðauka í "Reglugerð um neysluvatn" frá 30. maí 1995.

Vatnasvið vatnsbólsins er ekki enn unnt að skilgreina nákvæmlega. Lindir koma upp austan og innan við vatnsbólið. Lítt kannaðar eru lindir upp með hrauninu. Því verður að hafa fyrirvara á líklegu vatnasviði. Miðað við rennsli allra lindanna gæti það verið a.m.k. 5-10 km<sup>2</sup>, fyrst og fremst á hrauni. Afrennsli er < 20 l/s/km<sup>2</sup> þarna; eitthvert grunnvatn er í hrauninu, umfram lindir, svo að þetta er varlega áætlað. Hraunið er um það bil 1 km breið tunga sem nær langt suður í heiðina. Það hefur runnið eftir og fyllt lægð. Á kafla rennur Ölduá meðfram hrauninu að vestan en Ormarsá að austan. Líklegt er, að hraunið hafi bægt þeim úr fornum farvegum, en grunnvatnsstraumurinn gæti leitað fram eftir þeim í hrauninu núna. Lindirnar þar sem vatnsbólin eru koma fram í þrengingu milli grágrýtisholta. Þar hefur verið farvegur áður en hraunið rann. Vatnið í lindunum gæti samkvæmt ofansögðu verið af fernum toga:

- 1) Úrkoma sem fellur á hraunið suður og upp frá vatnsbólinu.
- 2) Leki úr Ölduá einkum þar sem hún rennur í hrauninu á kaflanum þar sem henni var veitt út í Deildarvatn frá stíflu að vatninu. Farvegur vatnsfalla sem renna í föstum farvegi þéttist með tímanum og í groppum jarðlögum dregur úr leka.
- 3) Leki úr Deildarvatni sjálfu. Þótt afrennsli úr vatninu sé til norðurs er þess að gæta að vatnið er hraunstíflað og náttúrlegur halli undir hrauninu er til suðausturs í átt að lindasvæðinu.
- 4) Leki úr Ormarsá og þá innarlega við hraunjaðarinn þ.e. frá Bláskriðu norður á mótis við Arnarþúfufoss.

Hér er ekki lagt mat á hver af þessum þáttum vegur stærst en líklegt er samt að úrkoman á hraunið vegi þar hvað þyngst. Því verður á þessu stigi að hafa grannsvæðið fremur rúmt. Verulegar líkur eru þó á, að greina megi nánar uppruna lindarvatnsins með einföldum efnagreiningum og öðrum viðeigandi athugunum ef þess gerist þörf.


Á hrauna- og sprungusvæðum eru fjarsvæðin gjarnan ákveðin í stærra lagi. Hér er einfaldast að miða fjarsvæðið við allt vatnasvið Ormarsár og Deildarvatns, enda engir hagsmunir sem hindra slíkt, en gerir menn á hinn bóginn meðvitaðri um mengunarhættu af völdum umferðar.

Sem grannsvæði væri þá edlilegt að ákveða svæðið frá vatnsbólinu upp að Deildarvatni og upp með Ölduá í hrauninu.

MÁ EKKI FJARLÆGJA

Sú landnýting sem þarna er hefur ekki reynst skaðleg, svo greint hafi verið og getur því ekki talist varasöm fyrir vatnsbólið. Mengun af náttúrlegum orsökum, svo sem leysingafloðunum í Ölduá og Deildarvatni, kann að vera til staðar án þess þó að fram hafi komið í greiningum til þessa. Náttúrleg síun í hrauninu myndi og hreinsa vatnið af gruggi og að mestu af gerlum og öðrum örverum. Það er því ekki sjáanleg nein ástæða til að amast við hefðbundinni landnýtingu og umferð á vatnsverndarsvæðunum. Aðgát þarf þó að hafa vegna nýrra og umtalsverðra mannvirkja eða atvinnurekstrar á vatnsverndarsvæðunum í samræmi við lög og reglugerðir.

  
Kristján Sæmundsson

  
Freysteinn Sigurðsson

